

AS. E. F., U. H. G.  
23 APR 2005  
40  
USLX060/02066

**Alur, álvinnsla hf.**

GRÆNT BÓKHALD ÁRIÐ 2005

FYRIR

AL ÁLVINNSLU HF  
KT.: 590398-2099  
SUNDAGÖRÐUM 2,  
104 REYKJAVÍK

## EFNISYFIRLIT

---

Staðfesting stjórnar	bls. 3
Staðfesting endurskoðenda	bls. 4
Umhverfisstefna	bls. 5
Lykiltölur	bls. 6

## STAÐFESTING STJÓRNAR


---

Stjórn Als, álvinnslu hf staðfestir hér með þær upplýsingar sem fram koma í þessari skýrslu um grænt bókhald félagsins vegna starfsemi í Helguvík.

Rekstrarárið 2005 var annað heila rekstrarár félagsins. Að áliti stjórnarinnar koma fram í skýrslunni allar nauðsynlegar upplýsingar og magntölur um hvernig umhverfismálum er háttað hjá félaginu.

Helguvík, 22. ágúst 2006

Í stjórn Als, álvinnslu hf.:



Gunnar Þorgeirsson  
meðrin

Framkvæmdastjóri:



## STAÐFESTING ENDURSKOÐENDA

---

### Til stjórnar Als, álvinnslu hf.

Við höfum endurskoðað skýrslu um grænt bókhald Als, álvinnslu hf. fyrir árið 2005, en hún hefur að geyma yfirlýsingu stjórnar, yfirlit um orku- og hráefnanotkun ásamt öðrum upplýsingum um hvernig umhverfismálum starfseminnar er háttað. Skýrslan er lögð fram af stjórnendum félagsins og á ábyrgð þeirra í samræmi við lög og reglur. Ábyrgð okkar felst í því álit sem við látum í ljós á skýrslunni á grundvelli endurskoðunarinnar.

Endurskoðað var í samræmi við ákvæði reglugerðar nr. 851/2002 um grænt bókhald. Samvæmt henni ber okkur að skipuleggja og haga endurskoðuninni þannig að nægjanleg víska fái um að tölur sem gefnar eru upp í skýrslunni séu réttar og í samræmi við fjárhagsbókhald félagsins. Endurskoðunin felur í sér athuganir á gögnum í fjárhagsbókhaldi til að sannreyna að fjárhæðir og upplýsingar sem fram koma í ársreikningi séu í samræmi við skýrslu um grænt bókhald. Við teljum að endurskoðunin sé nægjanlega traustur grunnur til þess að byggja álit okkar á.

Það er álit okkar að skýrsla um grænt bókhald Als, álvinnslu hf sé í samræmi við fjárhagsbókhald félagsins á árinu 2005 og að aðrar upplýsingar sem fram koma í henni séu rétt fram settar.

Reykjavík, 21. ágúst 2006

Endurskoðunar- og bókhaldsþjónstan ehf



*Kristinn Gestsson, löggiltur endurskoðandi*

## UMHVERFISSTEFNA

---

Alur hf skuldbindur sig til að uppfylla þá samninga sem fyrirtækið hefur gert við viðskiptavinina sína. Í því felst m.a. að ná sem bestri nýtingu í ferlinu og búa til afurð sem uppfyllir væntingar viðskiptavinanna.

Alur hf setur í öndvegi öryggi þess fólks sem sinnir daglegri vinnslu félagsins og leggur mikla áherslu á gæðavitund þess og meðvirkni við að uppfylla gæðakröfur.

Alur hf hefur að leiðarljósi að valda sem minnstum náttúruspjöllum og mengun. Liður í þeirri viðleitni er að velja bestu fáanlegu tækni, og leita á hverjum tíma leiða til að meðhöndla aukaefni í vinnslunni með þeim hætti sem leiðir til minnstrar röskunar á umhverfi.

Í þessu sambandi meðal annars hefur Alur hf. unnið að rannsóknarverkefni á árinu í samvinnu við innlenda hagsmunaaðila um nýtingu og vinnslu úr gjallsandi. Niðurstöður þessa verkefnis hafa ekki verið kunngjörðar við ritun þessarar skýrslu.

Stjórnendur Als hf skuldbinda sig til að horfa gagnrýnum augum á öll ferli fyrirtækisins með það að leiðarljósi að endurbæta þau. Alur hf stefnir að því að byggja upp stjórnkerfi sem uppfyllir kröfur ISO14001 umhverfisstjórnunarstaðalsins.

## FRAMLEIÐSLA OG NOTKUN HRÁEFNA OG ORKU

---

		Eining	2005
<b>FRAMLEIÐSLA ÁRSINS:</b>			
<b>HRÁEFNI:</b>			
Móttekið álgjall	kg.		2.251.246
	kg.		4.460.062
<b>ORKA OG ELDSNEYTI:</b>			
Súrefni	kg.		422.140
Rafmagn	kwst.		355.684
Olía (skipagasolía)	ltr.		136.480
<b>LOSUN Í ANDRÚMSLOFT:</b>			
Ryk	kg.		372
CO2	kg.		359.158
SO2	kg.		460
<b>ÚRGANGUR:</b>			
Afsogsryk	kg.		85.000
Gjallsandur	kg.		2.123.816

